

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 2/2022-2023.

Kærandi: N.N.

Kærðu: Ágúst Borgþór Sverrisson og DV / Sigurjón Björn Torfason og frettabladid.is.

Kæruefni: Frétt DV 23.04.2022 „Viðkvæmt ofbeldismál skekur Orkuveitu Húsavíkur og bæjarskrifstofur – Skvetti sjóðandi kaffi yfir fatlaðan starfsmann“ og frétt frettabladid.is 23.04.2022 „Segir ofbeldismál þaggað niður á Húsavík“.

Málsmeðferð:

Kæran barst skrifstofu BÍ bréflega 09.05.2022, án fylgigagna. Siðanefnd BÍ tók málið fyrir á fundi 17.05.2022 og niðurstaðan var að óska eftir andsvörum kærðu. Svar barst frá kærða Ágústi Borgþóri Sverrissyni og DV 19.05.2022 og frá kærða Sigurjóni Birni Torfasyni og frettabladid.is 29.05.2022. Málið var aftur tekið fyrir á fundi Siðanefndar 31.05.2022 þar sem kveðinn var upp úrskurður í málinu.

Málavextir: Kærandi taldi fréttirnar ganga gegn hagsmunum hans, ekki hafi verið haft samband við hann og hann ekki spurður hvort hann hefði hag af birtingu greinarinnar eða væri mótfallinn birtingu. Þrátt fyrir að hann væri ekki nafngreindur væri öllum sem til þekktu ljóst að um hann væri fjallað í umræddum fréttum. Bent er á meintar rangfærslur en krafa kæranda er að fréttirnar séu teknar úr birtingu. Í svari kærða Ágústar Borgþórs og DV kemur fram að öll meginatriði fréttarinnar séu rétt og að kæran byggi á því að kærði hafi ekki gefið leyfi til birtingar. Engin ástæða hafi verið til þess. Þá hafi hagsmuna kæranda verið gætt og hann ekki nafngreindur. Í svari kærða Sigurjóns og frettabladid.is segir að kæran beinist ekki að frettabladid.is, í rökstuðningi sé eingöngu vísað til fréttar DV og engar kröfur gerðar á hendur frettabladid.is. Aldrei hafi verið haft samband við miðilinn vegna þessa máls.

Umfjöllun: Krafa kæranda er að fréttirnar séu teknar í burtu enda hafi hann einungis haft skaða af birtingu þeirra og telur að kærður fréttamaður DV hafi ekki unnið eftir 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Siðanefnd getur ekki fallist á að fjölmiðlar þurfi að leita samþykkis til birtingar fréttar af þessum toga og telur ekki að kærður fréttamaður DV hafi brotið þriðju grein siðareglna félagsins.


Úrskurður:

Kærðu, Ágúst Borgþór Sverrisson og DV annars vegar og Sigurjón Björn Torfason og
frettabladid.is hins vegar, brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Reykjavík 31.05.2022




Friðrik Þór Guðmundsson



Ásgeir Þór Árnason



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Pálmi Jónasson



Valgerður Jóhannsdóttir